

Mánudaginn 8. nóvember 1965.

Nr. 89/1965. **María Kristmundsdóttir**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Sigmundi M. Andræssyni og gagnsök

(Örn Clausen hrl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Meðlagsúrskurðir og lífeyris. Lögtaksmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1965. Hefur hún fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Krefst hún þess, að heimiluð verði framkvæmd lögtaks hjá gagnáfrýjanda til tryggingar kr. 34.766.67 auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Svo krefst hún og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. maí 1965. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið, að því leyti sem kröfur aðaláfrýjanda voru teknar til greina, og að synjað verði um framkvæmd lögtaks. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram ný gögn í málinu.

1. Í 15. gr. laga nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna eru ákvæði þess efnis, að hafi annað foreldri skilgetins barns eða barna yfirgefið hitt, án þess að leyfi til skilnaðar að borði og sæng hafi verið fengið, eða það hefur valdið samvistaslitum á annan ólöglegan hátt, þá geti hitt foreldrið krafizt úrskurðar valdsmanns um meðlag með sér — auk meðlags með börnunum — af hendi þess, er samvistaslitum olli. Skal þá meðlagsupphæðin fara eftir högum beggja. Vald til að kveða upp með-

lagsúrskurði er í Reykjavík lagt til sakadómara, sbr. 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 98/1961.

Það er komið fram í málinu, eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, að gagnáfrýjanda var ekki veittur kostur á að lýsa afstöðu sinni til kröfu aðaláfrýjanda um meðlag, skýra mál sitt og gæta réttar síns að öðru leyti, áður en fulltrúi yfirsakadómara kvað upp meðlagsúrskurð á hendur honum hinn 30. desember 1963. Ber af þessum sökum að staðfesta niðurstöðu fólga um, að meðlagsúrskurðurinn sé ekki gild lögtaksheimild.

2. Samkvæmt 55. gr. laga nr. 39/1921 um stofnun og slit hjúskapar, skal ákveðið í leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng, hvort og að hve miklu leyti annað hjóna skuli framfæra hitt, meðan skilnaðurinn stendur. Skal miða framfærslueyri annars vegar við það, hvað ætla meg, að framfærsluþegi geti aflað sér sjálfur, og hins vegar við það, hvað ætla meg hitt hjóna aflögufært um. Ef annað hjóna verður talið eiga aðalsök á skilnaðinum, verður því eigi áskilinn framfærslustyrkur af hinu, nema sérstaklega standi á.

Í leyfisbréfi aðilja til skilnaðar að borði og sæng, útgefna af dómsmálaráðherra hinn 22. september 1964, er gagnáfrýjanda gert að greiða aðaláfrýjanda kr. 2.500.00 í lífeyri á mánuði frá útgáfu leyfisbréfsins að telja, meðan skilnaður að borði og sæng varir. Gagnáfrýjandi telur, að ákvæði þetta beri að meta ógilt, þar sem Dómsmálaráðuneytið hafi hvorki kynnt sér til hlítar, áður en leyfisbréfið var gefið út, hvor aðilinn, aðaláfrýjandi eða gagnáfrýjandi, hafi átt aðalsök á skilnaðinum né hvernig fjárhag þeirra og framfærslugetu hafi verið háttað. Staðhæfir gagnáfrýjandi, að aðaláfrýjandi hafi átt aðalsök á skilnaðinum og að tekjuöflun hennar hafi verið með þeim hætti, að hún hafi ekki þurft á framfærslustyrk að halda.

Pegar leyfisbréf var gefið út, hafði Dómsmálaráðuneytinu borizt endurrit úr hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur, þar sem gagnáfrýjandi hafði hinn 31. desember 1963 lýst afstöðu sinni til kröfu aðaláfrýjanda um lífeyrisgreiðslur

úr hendi hans. Einnig hafði ráðuneytið í höndum bréf lög-
lærðra umboðsmanna aðilja til þess, dags. 10. og 25. októ-
ber 1963, þar sem um sama atriði er fjallað. Hafði gagn-
áfrýjandi þannig fengið nægilegt tækifæri til að koma kröf-
um sínum og málsástæðum á framfæri við ráðuneytið,
áður en leyfisbréfið var út gefið. Þá hefur ráðuneytið og
tekið málið til athugunar að nýju eftir tilmælum gagn-
áfrýjanda í bréfi, dags. 21. desember 1964, og hafnað kröfu
hans um að fella niður skyldu hans til meðlagsgreiðslu,
eins og lýst er í úrskurði fógeta. Ber samkvæmt þessu að
meta gilt ákvæði leyfisbréfsins um lifeyrisgreiðslur gagn-
áfrýjanda til aðaláfrýjanda.

Með skirskotun til þess, er að framan var greint, verður
framkvæmd lögtaks heimiluð til tryggingar kr. 7.500.00
auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef
til kemur.

Staðfesta má málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úr-
skurðar. Gjafsóknarkostnaður vegna áfrýjunar málsins, þar
með talin laun málflytjanda aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti,
kr. 8.000.00, greiðist úr ríkissjóði. Eftir niðurstöðu máls-
ins þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda máls-
kostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Heimil er framkvæmd lögtaks eftir kröfu aðaláfrýj-
anda, Mariu Kristmundsdóttur, í eignum gagnáfrýj-
anda, Sigmundar M. Andréssonar, til tryggingar kr.
7.500.00 auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi
uppboð, ef til kemur.

Gjafsóknarkostnaður vegna áfrýjunar málsins, þar
með talin laun málflytjanda aðaláfrýjanda fyrir Hæsta-
rétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr.
8.000.00, greiðist úr ríkissjóði. Aðaláfrýjandi greiði
gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr.
8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 26. apríl 1965.

Gerðarbeiðandi, María Kristmundsdóttir, Rauðagerði 10, hefur krafizt þess, að fram fari lögtak í eignum gerðarþola, Sigmundar M. Andréssonar, Gnoðarvogi 36, til tryggingar ógreiddu meðlagi, að upphæð kr. 34.766.67, auk alls kostnaðar við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Enn fremur er krafizt málskostnaðar vegna flutnings fógetamáls þessa.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að gerð þessi nái fram að ganga. Hann hefur krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 8. þ. m.

Hjónin María Kristmundsdóttir og Sigmundur Magnús Andrés-son gengu í hjónaband 18. október 1958. Hinn 3. ágúst 1963 fluttist María Kristmundsdóttir af heimili þeirra og hefur síðan hafzt við á heimili foreldra sinna að Rauðagerði 10.

Hinn 16. desember 1963 fer María Kristmundsdóttir þess á leit við yfirsakadómaramann í Reykjavík, að upp verði kveðinn úrskurður um meðlag með 2 börnum þeirra hjóna, sem eru fædd á árunum 1959 og 1963, svo og lífeyrisgreiðslu með henni sjálfri. Sjá rskj. nr. 15 í máli þessu.

Samkvæmt þessari beiðni var kveðinn upp úrskurður í sakadómi Reykjavíkur 30. desember 1963 þess efnis, að auk meðlags með börnunum skyldi Sigmundur með tilvísun til 2. gr. laga nr. 80/1947 og 15. gr. laga nr. 57/1921 greiða Maríu framfærslueyri frá samvistaslitum, kr. 2.000.00 á mánuði, og skyldi hann greiðast mánaðarlega fyrirfram 3. hvers mánaðar frá 3. janúar 1964, en um leið tekið fram, að framfærslueyrir frá samvistaslitum sé þegar fallinn í gjalddaga. Í niðurlagi úrskurðar þessa getur þess, að Sigmundur hafi sannanlega greitt kr. 3.700.00 upp í framangreindar kröfur. Úrskurður þessi hefur verið lagður fram í málinu sem rskj. 3.

Úrskurðurinn á rskj. 3 var hinn 31. júlí 1964 áritaður með úrskurði fógeta um lögtak fyrir gjaldföllnu meðlagi með konunni fyrir tímabilið 3. ágúst 1963 til 3. ágúst 1964, kr. 24.000.00, og var sá úrskurður birtur Sigmundi 4. ágúst 1964.

Þá liggur fyrir í máli þessu leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng milli þessara hjóna, útgefið 22. september 1964. Þar er ákveðið, að konan skuli hafa forráð barnanna og skuli maðurinn greiða meðlag með þeim frá 1. október 1963, enn fremur

er svo ákveðið, að hann skuli greiða konunni mánaðarlegan lífeyri, kr. 2.500.00, meðan skilnaður að borði og sæng vari, og skulu meðlög þessi greiðast fyrirfram 1. hvers mánaðar. Sjá að öðru leyti rskj. nr. 4.

Hinn 16. desember 1964 var úrskurður sakadómara á rskj. 3 áritaður með úrskurði um, að meðlög með konunni fyrir tímabilið 3. ágúst 1964 til 22. september 1964 skuli tekin lög taki. Sama dag var sams konar úrskurður ritaður á leyfisbréfið á rskj. 4 um lögtak fyrir meðlögum með konunni frá 22. september til 22. desember 1964, kr. 7.500.00. Báðir þessir úrskurðir voru birtir af stefnuvottum á heimili Sigmundar hinn 19. desember 1964.

Lögtaksbeiðni er dagsett 29. desember 1964 og er tekin fyrir í fógetaréttinum 8. janúar 1965. Gerðarbeiðandi vísar til framangreindra lögtaksheimilda á rskj. 3 og 4 svo og til lögtaksúrskurða fógeta, sem hafi verið löglega birtir gerðarþola.

Gerðarþoli skýrir svo frá, að gerðarbeiðandi hafi vikið af heimili þeirra án lögmætra ástæðna og án hans vitundar og vilja. Eigi hún því, að því er viðvíkur úrskurði sakadóms, samkvæmt 15. gr. laga nr. 57/1921 enga heimtingu á lífeyrisgreiðslum úr hendi hans. Hann segist ekki hafa verið boðaður á fund sakadómara til að tala sínu máli vegna beiðni gerðarbeiðanda um lífeyri, heldur þá fyrst, er úrskurður hafði verið kveðinn upp og hann skyldi taka við birtingu þess úrskurðar. Þá kveðst hann hafa beðið sakadómara Ólaf Þorláksson, sem úrskurð þenna hefur kveðið upp, að lofa sér að heyra lagareglur þær, sem á hafi verið byggt, og að því loknu segist hann hafa mótmælt réttmæti úrskurðarins með vísan til þessara lagagreina. Hann heldur því fram, að úrskurður sakadóms sé efnislega og formlega rangur og að engu hafandi. Þá kveðst gerðarþoli heldur ekki hafa verið boðaður á fund Dómsmálaráðuneytisins í sambandi við útgáfu leyfisbréfsins á rskj. 4, og séu ákvæði bréfsins um lífeyrisgreiðslur röng, sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 39/1921, og gerð á röngum forsendum.

Það liggur fyrir í málinu, að umboðsmaður gerðarþola hefur hinn 21. desember 1964 ritað Dómsmálaráðuneytinu bréf, þar sem hann fer þess á leit, að felld yrði niður skylda gerðarþola til greiðslu lífeyris, og vísar til 55. greinar laga nr. 39/1921, enda hafi gerðarbeiðandi krafizt skilnaðar og fengið hann án nokkurrar ástæðu og þrátt fyrir mótmæli gerðarþola, en hún hafi áður verið flutt af heimilinu. Enn fremur var það fært

fram, að gerðarbeiðandi væri í fullri atvinnu, en svo hafi ekki verið, er gerðarþoli bauðst til þess í ágúst 1963 að greiða henni mánaðarlegan lífeyri. Bréf þetta er lagt fram sem rskj. 18. Í tilefni af þessu bréfi hefur Dómsmálaráðuneytið leitað álits gerðarbeiðanda, og hefur umboðsmaður hennar skrifað ráðuneytinu 19. janúar s.l. og vísað staðhæfingum gerðarþola á bug, og jafnframt hefur gerðarbeiðandi sent ráðuneytinu athugasemdir sínar, hér að lútandi. Hún segir sig hafa farið að heiman að mjög gefnu tilefni af hálfu gerðarþola, fer nokkrum orðum um atvik og ástæður. Einnig fylgdi bréfi þessu umsögn foreldra gerðarbeiðanda. Vísast hér til rskj. 7 og 8.

Úrslit erindis gerðarþola urðu þau, að Dómsmálaráðuneytið hafnaði þeirri málaleitan með bréfi, dags. 20. janúar s.l., sjá rskj. 19.

Eins og áður segir, hefur gerðarbeiðandi vikið af heimili aðiljanna hinn 3. ágúst 1963. Aðiljum ber ekki saman um orsakir til þess, að svo fór, og hefur gerðarbeiðandi sagt beint og óbeint, að gerðarþoli hafi misboðið sér, svo að hún hafi haft fulla ástæðu til að víkja af heimilinu með þessum hætti. Þessu mótmælir gerðarþoli í hverri grein. Aðiljar hafa nokkuð leitast við að færa fram gögn, að því er þetta atriði áhrærir. Hafa mætt nokkur vitni í málinu, sem segjast öll hafa verið kunnug heimili aðiljanna, meðan það var við líði, en ekki þykir full ástæða til þess að rekja framburði þeirra né fara út í frásagnir aðilja sjálfra um hjónabandserjur þeirra. Verður látið nægja að vísa til þeirra frásagna, eins og þær koma fram í gögnum málsins.

Sakadómari Ólafur Þorláksson hefur í vottorðum sínum í málinu, sjá einkum rskj. 21, sbr. 20, skýrt svo frá, að gerðarbeiðandi hafi ekki getið um ástæður til samvistaslita, er hún kom á hans fund með beiðni um lífeyrisúrskurð, og ekki kveðst sakadómari nú geta upplýst, hvort hún gat þess, hvort þeirra hjónanna vék af heimilinu. Þá segir hann, að gerðarþoli hafi ekki verið boðaður til þess að mæta í sakadómi vegna þessa atriðis, nema í það eina skipti, er hann skyldi þola birtingu úrskurðarins, og kveðst ekki geta upplýst, úr því sem nú er komið, hvort hann hafi mótmælt úrskurðinum, en hafi svo verið, hafi honum verið á það bent, að úrskurðinum mætti skjóta til Dómsmálaráðuneytisins.

Þar eð lög nr. 57 frá 1921 og lög nr. 39 frá 1921 setja viss skilyrði fyrir því, að annað hjóna eigi rétt til lífeyrisgreiðslu úr hendi hins, þykir verða að ætla, að stjórnvöld þau, sem með

úrskurði um þetta atriði fara, verði að afla sér vitneskju um þessi atriði, áður en úrskurður gangi um lífeyrisgreiðsluskyldu.

Hér liggur fyrir, að gerðarþoli var ekki boðaður á fund saka-dómara, áður en úrskurður gengi um skyldu hans til þess að greiða gerðarbeiðanda lífeyri. Samkvæmt gagnályktun frá 15. gr. laga nr. 57/1921 átti gerðarbeiðandi ekki rétt til lífeyris úr hendi gerðarþola, þar eð hún vék af heimili þeirra, án þess að skilnaður og borði og sæng væri fenginn.

Í máli þessu verður ekki annað fyrir hendi en að ganga út frá því, að óupplýst sé með öllu, hvort hjónanna átti aðalsök á skilnaðinum. Þykir ekki heimilt að skýra 55. grein laga nr. 39/1921 svo, að gerðarbeiðandi verði talin hafa haft aðalsök á skilnaði, þótt hún hafi rýmt af heimilinu.

Dómsmálaráðuneytið hefur að vísu ekki, svo séð verði, kynnt sér fyrirfram málavexti með sérstöku tilliti til 55. greinar laga nr. 39/1921, en það liggur fyrir, að síðar hafa þau gögn og að-
iljaskýrslur, sem löguð eru til að skipta öllu máli um greiðslu-
skyldu lífeyris, komið fram fyrir ráðuneytið vegna beiðni gerðar-
þola um endurskoðun á hér að lútandi ákvæðum leyfisbréfsins
á rskj. 4. Verður af þessari ástæðu vísað á bug þeirri staðhæf-
ingu gerðarþola, að Dómsmálaráðuneytið hafi látið undir höfuð
leggjast að gæta lagasjónarmiða og lagaskilyrða í sambandi við
ákvörðun um skyldu hans til að greiða gerðarbeiðanda lífeyri.

Verður niðurstaða málsins sú, að synjað verður um lögtak fyrir upphæðum þeim, sem áfallnar eru samkvæmt úrskurði sakadómara á rskj. 3, en hins vegar ber að leyfa framgang lög-
taks fyrir þeim fjárhæðum, sem áfallnar eru samkvæmt leyfis-
bréfinu, þ. e. frá 22. september 1964 til 22. desember s. á., kr.
7.500.00.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Lögtak skal á ábyrgð gerðarbeiðanda fara fram til trygg-
ingar kr. 7.500.00.

Málskostnaður fellur niður.